

FUNDARGERÐ

40. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu haldinn þriðjudaginn 25. júní, 2019, klukkan 13:00 í fundarsalnum Laugum á skrifstofu félagsþjónustunnar að Suðurlandsvegi 1-3, 850 Helli.

Mættir undirritaðir fundarmenn.

Dagskrá:

1. Ársreikningar félags-og skólaþjónustu 2018.

Guðmundur Pétur Guðgeirsson, frá KPMG, mætir á fundinn og fer yfir ársreikning byggðasamlagsins.

Helstu niðurstöður:

Rekstrartekjur	kr. 200.811.045.-
Rekstrargjöld	kr. 199.105.752.-
Fjármunatekjur/gjöld	kr. (107.593.-)
Rekstrarniðurstaða	kr. 1.705.293.-

Eignir:

Rekstrarfjármunir	kr. 5.487.773.-
Veltufjármunir	kr. 25.265.470.-
Eignir samtals	kr. 30.753.243.-

Eigið fé og skuldir:

Óráðstafað eigið fé	kr. 8.112.756.-
Langtímaskuldir	kr. 0.-
Skammtímaskuldir	kr. 22.640.487.-
Eigið fé og skuldir	kr. 30.753.243.-

Reikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.

2. Samþykktir félags-og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Drög að yfirlitnum samþykktum byggðasamlagsins samþykkt. Stjórn samþykkir að leggja tillögur að breytingum fyrir næsta aðalfund.



Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

3. Styrkur Sprotasjóðs til skólaþjónustu.

Stjórn félags- og skólaþjónustu samþykkti á haustmánuðum 2018, að taka þátt í þróunarverkefni er lítur að snemmtækri íhlutun í leikskólum. Markmið með verkefninu er fyrst og fremst að styrkja og efla málþroska leikskólabarna, með áherslu á læsi í viðum skilningi og auka þekkingu, færni og öryggi starfsfólksins í vinnu með málörvun og læsi.

Forstöðumaður skólaþjónustu sótti um styrk til Sprotasjóðs vegna verkefnisins, sem hlaut styrk að upphæð 2.250.000.-

Stjórn félags- og skólaþjónustunnar fagnar þessum ánægjulega styrk og verkefninu í heild sinni.

4. Uppsögn forstöðumanns skólaþjónustu.

Stjórn félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. hefur nú þegar mótttekið uppsögn Eddu Guðlaugar Antonsdóttur, forstöðumanns skólaþjónustudeildar, frá 1. maí 2019. Stjórnin þakkar Eddu Guðlaugu fyrir faglegt og gott starf í þágu skólaþjónustudeildarinnar þau fimm ár sem deildin hefur verið rekin. Einnig þakkar stjórnin Eddu fyrir gott samstarf og óskar henni velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan eru.

5. Starfsmannamál skólaþjónustunnar.

Auglýst var eftir forstöðumanni skólaþjónustunnar. Einn umsækjandi sótti um starfið en uppfyllti ekki skilyrði auglýsingar. Einnig var auglýst eftir stöðu kennsluráðgjafa. Tvær umsóknir bárust og hvorug þeirra uppfyllti skilyrði auglýsingar. Stjórn samþykkir að auglýsa stöðurnar aftur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.

Jökull M.
Helga d. E.
Haraldur
Lilja Finarsdóttir
Þorbjörg Auðadóttir
Þrygja Þjónadóttir
Edda Antonsd.